

Hestamannafélagið Þjálfí
Klappahraun 16C
660 Mývatn

Reykjavík, 8. október 2021
UST202109-145/Þ.V.B.
09.07.01

Umsókn um leyfi til framkvæmda-reiðleið við Þúfuvað - Laxá

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Hestamannafélagsins Þjálfí, dagsetta 15. september 2021, um leyfi til framkvæmda innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár.

Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu eru vernduð með lögum nr. 97/2004. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Í 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu segir að leita skuli leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hverskonar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til framkvæmda við reiðleið til að bæta aðkomu að Þúfuvaði í Laxá innan jarðarinnar Kraunastaða. Kort sem sýnir framkvæmdarsvæðið fylgir með umsókn. Mold verður fjarlægð úr reiðleiðinni með lítilli gröfu og lögð til hliðar á meðan mól verður borin í leiðina. Þegar mölin er komin verður moldin sett sitthvoru megin við reiðleiðina þannig að móti fyrir mól á milli þannig að reiðleiðin sé skýr. Mölin verður flutt á staðinn með sömu gröfu og moka mold í burtu og gengur frá henni aftur. Gröfunni verður eingöngu keyrt eftir reiðleiðinni. Að verkinu koma 1-2 starfsmenn og gert er ráð fyrir að það taki örfáa daga.

Umsagnir:

Í samræmi við 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands, Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn og landeiganda þann 28. september 2021 vegna framkvæmdarinnar. Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands barst þann 29. september 2021. Í umsögn stofnunarinnar kemur fram að stofnunin gerir ekki athugasemdir við að leyfi til framkvæmdar sé veitt. Umsögn Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn barst þann 30. september 2021. Náttúrurannsóknarstöðin gerir ekki athugasemd við framkvæmdina sem slíka, en vill benda á að reiðleiðin liggur meðfram fornu garðlagi sem þarf að taka tillit til. Umsögn landeiganda að Kraunastöðum, Björgvins Viðarssonar, barst þann 29. september 2021. Í umsögn Björgvins kemur fram að hann hafið gefið sitt leyfi til endurbóta á reiðvegi við Þúfuvað.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins þar sem um lagfæringu á eldri leið er að ræða. Framkvæmdin er talin geta haft

jákvæð áhrif á náttúrufar og verndargildi til lengri tíma þar sem núverandi ástand reiðleiðarinnar veldur álagi utan hennar.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Hestamannafélaginu Þjálfar fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdum við reiðleið við Þúfuvað innan verndarsvæðisins við Mývatn og Laxá sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið í eitt ár frá dagsetningu þess að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávík við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Ekki skal hefja framkvæmdir á tímabilinu 1. maí til 15. júlí.
- Einungis skal aka gröfunni að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki framkvæmdarinnar.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið gæti þess að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun bendir á að hafa þarf samband við Minjastofnun um hvernig best sé að haga framkvæmdinni með tilliti til garðlagsins sem liggur meðfram reiðleiðinni.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skal við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

Arna Hjörleifsdóttir
sérfræðingur